

Tilvísun í mál: FRN21060168

Sæl Halldóra,

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra þakka ég fyrir ábendingu ofbeldisvarnarnefndar um að setja þurfi á lagginnar úrræði fyrir gerendur kynferðisbrota. Ráðherra hefur nú þegar tekið skref í þessum efnunum en hann veitti fyrir í sumar styrk til verkefnisins Taktu skrefið, sem er nýtt úrræði fyrir einstaklinga sem hafa beitt eða telja sig líklega til að beita kynferðisofbeldi og vilja leita sér aðstoðar. Slíkt úrræði hefur ekki verið til staðar hér á landi, nema fyrir börn og ungmenni, en verkefnið er að breskri fyrirmynd og að baki því standa fimm sálfræðingar sem búa yfir reynslu og þekkingu á þessu sviði.

Þrátt fyrir að verkefnið sé farið af stað þá er það enn í mótun og verið að byggja upp þjónustuna og gera hana sýnilegri. Við munum á næstu mánuðum fylgjast vel með þróun verkefnisins svo hægt sé að leggja betra mat á umfang þess og hver raunveruleg þörf er fyrir úrræði af þessum toga.

Með kveðju,
Lovísa Lilliendahl, sérfræðingur
Félagsmálaráðuneyti / Ministry of Social Affairs
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8100
www.stjornarradid.is - Fyrirvari/Disclaimer

Notandi: halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is
Dagsetning: 22.6.2021 14:44:09
Til: "Félagsmálaráðuneytið" <frn@frn.is>
Efni: Fw: Þörf á úrræði fyrir gerendur kynferðisafbrotu

Tilvísun í mál: R21060206

Reykjavík, 22. júní 2021
R21060206

Félags- og barnamálaráðherra

Félagsmálaráðuneytið
105 REYKJAVÍK

Efni:

***Þörf á úrræði fyrir gerendur
kynferðisafbrotu***

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar vill beina því til félags- og barnamálaráðherra að setja á fót úrræði fyrir gerendur kynferðisbrota. Þar geti þeir tekið ábyrgð á broti sínu og leitað

sér aðstoðar í því augnamiði að koma í veg fyrir að þeir fremji fleiri ofbeldisbrot.

Heimilisfriður er úrræði sem er starfrækt fyrir fólk sem beitir ofbeldi í nánnum samböndum en ekkert sambærilegt úrræði er til fyrir þau sem beita aðra en maka kynferðisofbeldi. Nefndinni er kunnugt um leiðina **Taktu skrefið** sem kynnt er á 112 og telur það skref í rétta átt en leggur áherslu á meiri formfestu í kringum þessa leið t.d. þurfi að vera ljóst eftir hvaða hugmyndafræði er unnið.

Í #metoo byltingunni hefur verið kallað eftir því að gerendur gangist við brotum sínum og má vænta þess að slík meðferð komi m.a. í veg fyrir fleiri brot. Það skiptir höfuðmáli að gerendum kynferðisbrota og þeim sem telja sig þurfa á slíkri meðferð að halda bjóðist sérfræðiþjónusta til að taka þetta skref og þess vegna beinir ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar því til ráðherra að hafa forystu um að setja slíkt úrræði á fót.

Fyrir hönd ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir,

starfskona ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar